

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Material Safety Data Sheet (MSDS)

Perma Poxy Multi-Metal Epoxy
84209



1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **Perma Poxy 4 Min Multi-Metal Epoxy 2 OZ TB**

Vörunúmer: **84209**

Notkun: **Epoxy resín**

Dreifing: **Bilanaust hf. Reykjavík**

Framleiðandi: Permatex Inc. Hartford, CT 06106 USA

Neyðarsími framleiðanda: 0 800 255 3924 (USA)

Alþjóðl. neyðarsími: 0 813 348 0585

Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112

Eitrunarmiðstöð Landsspítala í Fossvogi, Rvk.

Sími 543 2222

Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlífðarbúnaður
9. Efnaeiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
16. Hættulýsing

2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar
25085-99-8		Epoxy resín	40-50	T	36-37-38-40
7727-43-7		Baríumsúlfat	30-40		
37244-95-5		Nefelín-sýanít	15-25		36-37-38-51-52-53
1317-61-9		Járnnoxíð, svart	1-10		37
68909-14-8		Díglýsidýl-eter-elastomer	1-10		
67762-90-7		Sílikon-díoxýð, syntetískt	1-10		37

3. Varúðarupplýsingar.

Eitrunarhætta: Getur valdið ertingu í augum og húð. Getur valdið óþægindum í húð. Gufa og/eða úði getur valdið ertingu í öndunarvegi. Endurtekin eða lengri tíma innöndun járnnoxíð-ryks getur valdið vægum einkennum járnkýkingar (siderosis) í lungum. Það á þó ekkert skylt við lungnabandvefs-sýkingu (fibrosis) nema viðkomandi hafi samtímis andað að sér trefjaryki frá öðrum efnum. Sé efnið hitað umfram 149 °C í andrúmslofti geta myndast formaldehýð-gufur. Formaldehýð er virkur krabbameinsvaldur og þekkt fyrir að velda óþægindum í húð og öndunarfærum. Örugga meðferð efnisins má tryggja með því að halda mengun í andrúmslofti innan uppgefina OSHA-mengunarmarka fyrir formaldehýð (Inntaka LD50 = 2060 mg/m³).

Eitrunarleiðir: Snerting við augu og húð, inntaka, innöndun.

Merki og einkenni snertingar: Endurtekin snerting getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Vægt ertandi fyrir augu en skaðar ekki augnvef. Innöndun mikils magns getur valdið ertingu, hósta og einkennum líkum flensu.

Sjúkdómseinkenni sem geta skerpst við snertingu: Húðsjúkdómar. Einstaklingum með sjúkdóma í öndunarfærum, svo sem þembu eða astma, er ráðlagt að forðast að anda að sér gufu af þessu efni.

Mengunarmörk:	Styrkur %	ACGIH-mörk 8. klst. meðaltími	OSHA-mörk 8. klst. meðaltími
7727-43-7 Baríumsúlfat	30-40	10 mg/m ³ (samt. ryk)	5 mg/m ³ (gríma)*
37244-96-5 Nefelín-sýanít	15-25	10 mg/m ³ (loft)	5 mg/m ³ (gríma)*
1317-61-9 Járnnoxíð	1-10	5 mg/m ³	10 mg/m ³

* Öndunargríma af viðurkenndri gerð á að halda metnun innan þessra marka.

Flokkun v/krabbameinshættu:

CAS 25085-99-8 Epoxy resin 40-50%: IARC: Bisfenól A; Gr. 3. Vol. 71. bls. 1285, 1999

CAS 7727-43-7 Baríumsúlfat 30-40%: ACGIH: Gr. A4 - Ekki flokkunarskytt.

4. Skyndihjálp:

Inntaka: Hafi efnið verið gleypt skal drekka 1-2 glös af mjólk til að þynna það og framkallið síðan uppsölur. Gefið meðvitunarlausum einstaklingi aldrei vökva né reynið að framkalla uppsölur á einstaklingi sem er rænulaus eða með krampaflog.

Innöndun: Hafi gufu af efninu verið andað skal flytja viðkomandi í ferskt loft. Hafi öndun stöðvast skal beita öndunaraðstoð (munn-við munn) en gefa súrefni við öndunarerfiðleikum. Leitið lækni.

Snerting við húð: Fjarlægjið mettaðan fatnað. Þvoið svæðið með vatni og sápu. Leitið lækni hverfi óþægindi ekki.

Snerting við augu: Komist efnið í augu skal hreinsa tafarlaust með miklu vatni í minnst 15 mín. og hafa samband við lækni hverfi óþægindi ekki.

5. Eldsvoði: Slökkvun.

Blossamörk: 252 °C

Slökkviefni: Kolsýra, þurrduft, froða

Slökkviaðferð: Nota skal öndunarbúnað með tilfærðu lofti við slökkvistarf.

Nota skal vatnsúða til að kæla aðliggjandi vörur/umbúðir.

Hættuleg efni mynduð af eldi: Kolmónoxíð, aldehyð, fenólar.

Niðurbrotsefni vegna varma:

Óvenjuleg sprengihætta: Engin

Sprengimörk, lægri: Ekki mæld

Sprengimörk, hærr: Ekki mæld

6. Efnaleki.

Hreinsun: Tryggið góða loftræstingu. Takið upp með óvirku uppsuguefni. Geymið í lokuðu fláti til förgunar. Varnið því að efnið komist í vatns-eða frárennsliskerfi.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Geymsla: Geymið fjarri hita. Geymið á köldum þurrum stað.

Meðhöndlun: Andið ekki gufu af hituðu efninu. Forðist að efnið snerti augu eða húð.

8. Persónuhlífar - forvarnir.

Augu: Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

Húð: Hanskar sem þola kemísk efni. Þvoið mettaðan fatnað fyrir næstu törn.

Loftræsting: Þarf að vera nægilega öflug til að halda mengun í andrúmslofti á notkunarstað innan uppgefinna mengunarmarka fyrir vöruna.

Framhald á bls. 3

Öndunarbúnaður: Sé loftræstingu áfátt eða viðbúið að mengun fari upp fyrir mörk skal nota viðeigandi viðurkenndan öndunarbúnað (NIOSH, o.s.frv.).

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form: Svartur vökvi
 Lykt: Epoxy
 Suðumark: <149 °C
 Sýrustig (pH): Á ekki við
 Leysanleiki í vatni: Óverulega
 Rúmpyngd: Ekki mælt
 Rokefnainnihald (VOC): Ekkert
 Gufuþrýstingur: Á ekki við
 Gufuþyngd (Loft = 1): Þyngra en loft
 Rokhraði: <1 (bútýl asetat = 1)

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

Stöðugleiki: Stöðugt.
Hættuleg fjölliðun: Fjölliðast sjálfvirkt við hátt hitastig.
Efni sem valda virkni: Forðast ber sýrur, basa, sterk oxunarefni og amín.
Aðstæður sem ber að forðast: Mikinn hita. Hitastig umfram 66 °C í lengri tíma rýrir eiginleika resínsins.
Hættuleg niðurbrotsefni við eld eða hita: Kolmónoxíð, Aldehyð og fenólar.

11. Eiturfræðileg atriði. (sjá kafla 3)

12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.

Engar upplýsingar um skaðsemi.

13. Förgun.

Efninu og tæmdum umbúðum skal farga hjá spilliefnamóttöku og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðferð iðnaðarúrgangs í viðkomandi sveitarfélagi. Efnið er ekki flokkað sem hættulegt úrgangs- eða spilliefni.

14. Flutningur: DOT: (49CFR 172)

Landflutningur:

Heiti flutningsflokks (DOT):	Frjáls
Hættuflokkur:	Enginn
UN/ID Nr.	Ekkert
Spilliefni í sjó:	Ekki

Lofflutningur:

Rétt heiti flutningsflokks:	EKKi flokkað
Flokkur eða deild:	Ekki skilgreint
UN/NA Nr.	Ekkert

IMDG: Rétt heiti flutningsflokks:	EKKi flokkað
Hættuflokkur:	Enginn
UN Nr.	Ekkert

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: Engri sérstakri hættu stafar af efninu við eðlilegar aðstæður.

Inniheldur: Smkv. California Prop. 65 efni sem valda krabbameini, fósturskaða og skerða frjósemi.

Framhald á bls. 4

Öryggisleiðbeiningar:**Permatex 84209 Perma Poxy 4 Min Multi-Metal Epoxy**

4

Hættusetningar:

H36 Ertir augu.
H37 Ertir öndunarfæri
H38 Ertir húð.
H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini
H51 Eitrað vatnalfverum
H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Varnaðarsetningar:

V26 Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.
V36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.
V45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingar ef unnt er.
V61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar

Ath.

Upplýsingar sem gefnar eru í þessum öryggisleiðbeiningum eiga einungis við efnið Permatex 84209 PermaPoxy Multi-Metal Epoxy innan þessa forms. Athygli notanda er vakin á því að til kunni að vera meiri upplýsingar sem eiga við efnið. Taka skal tillit til allra viðeigandi alþjóðlegra og innlendra reglna annarra sem kunna að eiga við þar sem efnið er notað.

Íslensk sérlög og/eða reglur sem gilda um meðferð kemískra efna:

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999
Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar:

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt NFPA (USA):

Hætta gagnvart heilsu:

Flokkur 1. Efni sem getur við snertingu valdið ertingu en einungis vægum skaða, jafnvel þótt engar ráðstafanir væru gerðar.

Eldhætta:

Flokkur 1. Efni sem þarfnast forhitunar til að íkviknun geti átt sér stað.

Hætta á efnahvörfum:

Flokkur 0. Efni sem eru stöðug, jafnvel við bruna og sem hverfast ekki með vatni.

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt HMIS (USA):

Eitrunarhætta:

Flokkur 1. Óveruleg.

Eldhætta:

Flokkur 1: Lítilsháttar.

Hætta á heilsutjóni:

Flokkur 0: Engin eða mjög lítil.

Síðasta endurskoðun útgáfu: 29.10.2002. Endurskoðun: Nr. 1

Unnið af: Denise Boyd, Health and Safety Manager. Permatex Inc. CT. USA.

Sími: 0-877 376 2839 (1-87 Permatex).

Dagsetning þýðingar: 12.10.2004

Ofangreindar upplýsingar eru, samkvæmt bestu vitund, réttar en ber ekki að líta á sem tæmandi og skulu einungis hafðar til hliðsjónar. Permatex Inc. er ekki ábyrgt að lögum fyrir nokkrum skaða sem kann að verða vegna meðferðar eða snertingar við það efni sem þessar öryggisleiðbeiningar taka til.

Bílanaut hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu, sem kann að stafa af rangri notkun þess, með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins.

Frumheimild: Material Safety Data Sheet, Permatex Item 84209.

Þýtt og uppsett fyrir Bílanaut hf. í október 2004:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélataeknifræðingur, Reykjanesbæ.